

335. fundur Skólanefndar FS

17. febrúar 2016



Mættir: Guðbjörg Rut Þórisdóttir formaður, Böðvar Jónsson, Fanney D. Halldórsdóttir, Guðbjörg Kristmundsdóttir, Jónas Hörðdal Jónsson og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Upphaf annar.
 2. Afmæli skólans.
 3. Þemadagar.
 4. Skólasamningur.
 5. Önnur mál.

1. Upphaf annar.

Skólameistari sagði frá upphafi vorannar og áherslum á önninni. Nemendur eru um 880 í dagskóla, 19 eru í fjarnámi og rúmlega 100 grunnskólanemendur stunda nám í einstökum áföngum. Daniel Galvez, Ester Þórhallsdóttir og Jóhanna Björnsdóttir eru í leyfi á önninni og Arnar Stefánsson, Helgi Rafn Guðmundsson og Einar Óskar Friðfinnsson kenna ekki á þessari önn. Skúli Jóhannsson og Magnús Óskar Ingvarsson koma inn sem stundakennarar. Sonja Sigurðardóttir hefur verið ráðin fjármálastjóri. Verið er að skoða breytingar á stoðkerfinu og þá er ætlunin að setja viðmið til að skoða árangur í hverjum áfanga fyrir sig og hvenær þarf að kanna hann nánar. Skólameistari sagði einnig frá endurnýjun á tækjum og búnaðarkaupum.

2. Afmæli skólans.

Rætt um afmæli skólans en næsta haust verða 40 ár liðin frá stofnun hans. Verið er að skipa afmælisnefnd innan skólans sem mun koma með hugmyndir um hátíðahöld í tilefni afmælisins. M.a. hefur verið rætt að vera með opinn dag og halda tónleika þar sem fyrrverandi nemendum skólans myndu spila.

3. Þemadagar.

Þemadagar verða 18. og 19. febrúar og er yfirskrift þeirra Sælla er að gefa en þiggja. Þar verður áhersla á að safna til góðra málefna. Fyrri daginn verða námskeið og fyrirlestrar en seinni daginn verður skemmtun á sal, markaður o.fl. og er nemendum í 10. bekk boðið að sækja dagskrána.

4. Skólasamningur.

Skólameistari sagði frá vinnu við endurskoðun skólasamnings. Búið er að skila samningsdrögum til ráðuneytis en ekki hafa borist svör þaðan. Skólameistari kynnti markmið sem sett eru fram í viðauka samningsins varðandi kennslumat, líðan á könnun nemenda, brottfall o.fl. Einnig eru þar sett fram markmið varðandi þróun námsbrauta. Búið er að sækja um styrk til að berjast gegn brottfalli og er ætlunin að ráða starfsmann til að vinna með þeim sem eru í mestri brottfallshættu. Þá er ætlunin að ráða sálfræðing í hlutastarf til að sinna nemendum.

Handwritten signatures and initials in purple ink, including 'Gibk', 'TDA', 'GICn', and 'KASm'.

5. Önnur mál.

- a) Hljóðneminn, söngkeppni nemendafélagsins, verður í kvöld. Lið skólans keppir í 8 liða úrslitum MORFÍS í vikunni og í 8 liða úrslitum Gettu betur í næstu viku.
- b) Rekstur mótuneytis verður boðinn út á næstunni en Skólamatúr hf. framlengdi ekki samninginn um reksturinn næsta skólaár.
- c) Rætt um áætlanir um stofnun nýs menntaskóla á Ásbrú.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðbjörg Rut Þórisdóttir, formaður




Böðvar Jónsson



Guðbjörg Kristmundsdóttir



Jónas Hörðdal Jónsson



Fanney D. Halldórsdóttir



Kristján Asmundsson



Guðmann Kristþórsson, fundarritari